



# Pési

ATH!! Næsti Pési kemur út í nóv. Efni þarf að berast í síðasta lagi 5.nóv



BÓKASAFN

## Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

### Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Alltaf hægt að skila safngögnum í skilalúguna ☺

Um að gera að kíkja á bókasafnið – lestur er bestur.

Verið hjartanlega velkomin.


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



Gegnir



leitir.is

## Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánud-föstud: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

**Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími**

Mánudaga til fimmtudaga: 16:30-20:30.

Föstudaga: 12:30-18:00

Okt 2018  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
svanhildur@fludir.is

28. árgangur.  
330.tölublað.  
pesi@fludir.is.  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Októbermánuður heilsar okkur öðru vísi en oft áður og það virðast vera örlög þessa árs að vera í kaldara og votara lagi. Þessi tími er þó alltaf tími breytinga að því leyti að bæði náttúra og menn eru að gera klárt fyrir veturinn. Hluti af þeirri upplifun er haustlitadýrðin en eins og sveitin er orðin á köflum skrydd skógi þá getur maður valið úr fjölbreyttri flóru hvað það varðar.

Huti af haustinu er að uppskera eftir sumarið og þó að korn- og grænmetisbændur í útirækt hafi átt betri daga þá taka líka við fastir liðir hjá sauðfjárbændum. Hrunaréttir voru haldnar með pompí og pragt og iðaði sveitin af lífi langt fram eftir nóttu. Það er góður siður að hér sé hægt að ríða milli bæja, kíkja í súpu og ræða málin á alla kanta. Það er því góður bragur á þessari menningu en vondu fréttirnar eru þær að sífellt fækkar fé í Hrunaréttum og ljóst er að það þarf að hafa fyrir því að halda þessu gangandi. Ég vil hrósa nýrri landbúnaðarnefnd fyrir skipulag og undirbúning fjallferðar því ýmsar breytingar voru gerðar. Tilgangurinn er m.a. að auðvelda smölun, mögulega stytta þann tíma sem fer í hana og auðvelda að fá fólk til að fórna tíma sínum í þessa vinnu. Nú er verið að laga eða gera vegslóða að Miklöldubotnakofanum með það í huga að endurbyggja hann. Þá þarf að fara að klára vinnu við stofnun lóða í kringum húsin okkar á afréttinum, huga að endurnýjun á girðingum o.fl. sem snertir þetta svæði okkar.

Annað sem snertir miðhálandið er umræða um miðhálandisþjóðgarð, Þjóðgarðastofnun og fleira sem getur átt við á þessu svæði. Ljóst er að sveitarfélögin í landinu þurfa að halda vel á spöðunum til að verja skipulagsvaldið á miðhálandinu og að stefnan sem er mörkuð þar sé okkar stefna, ekki annarra utanaðkomandi aðila. Mál sem eru í vinnslu núna tengdu þessu er vinna við friðlýsingu Kerlingarfjalla og uppbyggingu hálandismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum og nýjasta nýtt er friðlýsing vegna Gýgjarfossvirkjunar og Bláfellsvirkjunar sem eru í verndaráætlun rammaáætlunar.

Októbermánuður er annasamasti tími ársins hjá sveitarstjórnarfólki eins og undanfarin ár og til að bæta á stabbann þá er Stóra Landsþing sveitarfélaga haldið á haustin á kosningarári til sveitastjórna. Þingið er vettvangur til stefnumótunar næstu fjögurra ára og það sem bar hæst á þessu þingi er umræður um mögulega stækkun sveitarfélaga. Að mínu mati er það líklegt að á þessu kjörtímabili geti komið til lagasetningar þar sem sérstakar aðgerðir verði gerðar til að hvetja til sameiningar og mögulega með lágmarksfjölda íbúa sem lokamarkmið. Ljóst er að verkefni og kröfur til stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélaga eru að aukast og spurning hvernig brugðist verður við.

Nýjasta nýtt er t.d. persónuverndarlöggjöfin sem leggur á nýjar kröfur og aukin kostnað sem þarf að bregðast við. Hrunamannahreppur er t.d. búinn að semja við fyrirtækið Dattaca laps að sinna þessari skyldu fyrir okkur næsta árið.

Nú er vinna við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins til næstu fjögurra ára komin á fullt skrið. Mesta þúðrið fer náttúrulega í þælingar vegna ársins 2019 en síðan þarf að horfa til framtíðar.

Langstærstur hluti fjármagns sveitarfélagsins fer til fastra verkefna en við viljum hafa getu til framkvæmda og fjárfestinga helst án þess að almennt þurfi að koma til lántöku til smærri verkefna. Búið er þó að taka ákvörðun um frestun framkvæmda við Vesturbrún fram á vorið 2019, sem stafar aðallega af beiðni Vegagerðarinnar til að framkvæmdir við Langholtsveginn gætu átt sér stað. Þó sveitarfélagið komi ekki beint fjárhagslega að framkvæmdinni tengist hún mikið þróun vegna miðsvæðis Flúða, bæði vegna skóla- og íþróttasvæðis en ekki síður vegna mögulegrar uppbyggingar í framhaldi af Vesturbrúninni. Vegagerðin á samt eftir að klára ákveðna hluti vegna Langholtsvegarins og ber þar hæst hraðahindranir sem þarf að koma þar upp. Við höfum síðan í huga að nota tækifærið og huga að undirbúningi fyrir stígagerð með Langholtsveginum.

Síðan þarf að taka ákvarðanir um gjaldskrármál sem er alltaf verðugt verkefni. Ræður þar ýmsu en stærst vega þar þættir sem snerta möglegar verðlags- og launahækkningar. Það er svo sem ekki gott að segja hvernig það þróast og þó þetta tengist nú kannski eitthvað innbyrðis vona ég innilega að verðbólgu draugurinn haldi áfram að vera magur. Það er ómetanlegt í rekstri sveitarfélaga og fyrir allan almenning að verðbólgan sé skapleg. Það er samt ljóst að úrgangsmálin verða áfram þung í skauti og síðan þarf að slípa saman gjaldskrár ef til frekari flokkunar kemur því sveitarstjórn hefur ákveðið að taka upp frekari flokkun og nota m.a. blátunnuna í þeim tillgangi. Það þýðir að fjölga þarf hirðingartíðni en á móti ætti það vonandi að vera minna sem þarf að fara til urðunar. Því miður er hins vegar alger óvissa hvar og hvernig við komum sumum úrgangi frá okkur sem hefur tafið okkur mjög í að ákveða flokkunarkerfi. Þeir sem hafa fylgst með málum varðandi mögulegan urðunarstað á Suðurlandi ættu að vita við hvað er átt og ef einhver vill útvega slíkt svæði fyrir „óvirkan úrgang“ má endilega láta mig vita.

Hvað varðar ljósleiðarann þá gengur verkefnið vel. Það má segja að jarðvinnu við framsveitina sé lokið og verið að vinna í því að gera fleirum þar fært að tengjast sjálfum ljósleiðaranum. Jarðvinna er hafin á vesturkantinum og eru Sel og Hvítárholt fyrst í þeim áfanga áður en haldið er upp vesturkant sveitarinnar. Það tengist aðeins vinnu við Kópsvatnsholuna því vonandi styttist í að hægt verði að fara að prófa rafmagnsframleiðsluna og þar þurfa kerfin að tengjast við ljósleiðarann til að hægt sé að fylgjast með þeim og stjórna þeim eftir atvikum.

Búið er að samþykkja deiliskipulag til auglýsingar vegna Laxárhliðar- og Grafarsvæðisins. Er það mjög spennandi hverfi og hvet ég fólk til að skoða deiliskipulagið og ef það hefur einhverjar skoðanir á því sem betur mætti fara að láta okkur vita. Við þurfum m.a. að finna nöfn á þrjár götur á svæðinu og vildum gjarnan að þau götuheiti myndu tengjast svæðinu sjálfu og endilega verið í sambandi við okkur ef ykkur dettur eitthvað sniðugt í hug.

Tekið var upp það nýmæli að halda námskeið fyrir aðal- og varamenn í nefndum Hrunamannahrepps sem var vel sótt og vonandi til upplýsingar fyrir nefndarfélkið. Við höfum verið svo heppin að nefndarstarf í okkar sveitarfélagi hefur um margt verið virkara en í mörgum öðrum sveitarfélögum sem ber vott um áhuga til að taka þátt í mótum samfélagsins. Þá hefur Öldungarráð Hrunamanna fundað í fyrsta skipti eftir skipun þess en það er einnig nýmæli að ákveðið form sé komið á þessa rödd fólks þó vissulega hafi verið haft gott samráð við Félag eldri Hrunamanna o.fl. varðandi þessi málefni. Þá hefur einnig verið skipað í Ungmenntaráð Hrunamannahrepps og það verður spennandi að hluta á raddir unga fólksins allan sólarhringinn.

Ég vil að lokum hvetja alla til að nýta sér þá þjónustu sem sveitarfélagið býður upp á í stofnunum sínum og þeirra félagasamtaka sem eru með starfssemi í sveitarfélaginu.

Höfum það gott og njótum samverunnar.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



← Ásgeir á Kaldbak mætti galvaskur í Hrunaréttir

# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bill með drifi á framöxli

# Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035

## Basar í Þingborg 3. nóvember

Kvenfélögin í Flóahreppi standa sameiginlega að basar, sem haldinn verður í Félagsheimilinu Þingborg, laugardaginn 3. nóvember 2018 frá kl. 13.00-17.00.

Öll innkoma rennur til áhaldakaupa í sjúkrabifreiðar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, en HSU gerir út tíu sjúkrabíla, þar af fjóra hér í Árnessýslu. Við ætlum að kaupa „barkaspegla“, í þrjá vonandi fjóra sjúkrabíla, en það er tæki sem notað er til að hjálpa til með öndun hjá börnum og fullorðnum. Þetta nýja tæki er árangursríkara og öruggara í notkun en þau tæki sem eru til.

Fjölbreytt vandað handverk verður til sölu, ásamt kökubasar og seldar verða vöflur og kaffi.

Tekið verður við greiðslukortum.

Við hlökkum til að sjá þig.

Kvenfélög Gaulverjabæjarhrepps,  
Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps.

## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi  
í síma 4-800-900 eða á [slökkvitaeki@babubabu.is](mailto:slökkvitaeki@babubabu.is)







Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

## Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Undraland á Flúðum óskar eftir að ráða leikskólakennara til starfa. Leikskólinn Undraland er þriggja deilda leikskóli og er staðsettur á Flúðum. Við skólann stunda rúmlega 40 börn nám. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til frjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa. Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

### Menntun

Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða tilskilinni menntun.

### Hæfni

Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu.

Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánú samstarfi við stjórnendur leikskólans.

### Launakjör

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félags leikskólakennara.

### Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um hjá okkur.

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verður litið til reynslu og meðmæla úr fyrri starfi/störfum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu skólans og hjá leikskólastjóra. Vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið [ingibjorg@undraland.is](mailto:ingibjorg@undraland.is). Nánari upplýsingar í síma 480 6620



**Fjallaraf**  
sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**  
Ráfræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
[fossi@fossi.is](mailto:fossi@fossi.is)

SÍMI 662 0530

fossi@fossi.is  
Fax 486 6432

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **432-2770.**  
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra  
ALESSANDRO naglalökk og gloss  
Meðferðir: Andlitsbað - Húðhreinsun - Fótsnyrting -  
Handsnyrting - Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.  
Tímabantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippir í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma  
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

***Skrifstofa Hrunamannahrepps.***

***Opnunartími.***

***Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00***

***Föstudaga: 09:00-12:00***

**Sími: 480-6600**



**Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!**

**(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))**

**Tímabantanir í síma: 863 0433.**

**Fimmtudaginn 11. október**

**Allir velkomnir**

**Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur**





## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband  
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabil 773-1626

# Nesfrakt

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir  
Garðyrkjufraeðingur  
Sími: 858-3399  
[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)



## **KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA**


**Október / October**

**Fridays-Sundays from 18.00 – 21.30  
Föstudaga – sunnudaga frá kl. 18.00 – 21.30**

<http://kaffisel.is>

Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is)





# SÍKSMÍÐUR

Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
sími: 888-1975/865-7499

**Samkaup** **strax**

## Flúðum

Opnunartími Vetur 2018

Mánudaga til föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga : 10:00-19:00

Sunnudaga: 11:00-18:00

**Verið velkomin**

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

[www.sveitir.is](http://www.sveitir.is)

Upplýsingar um ferðapjónustu  
og viðburði í Uppsveitunum

# Flúðasveppir Farmers Bistro

Garðastigur 8, 845 Flúðir



## Matseðill – Við ræktum það sem við bjóðum upp á

### Aðalréttir

Sælkerahlaðborð – kaffi eða te innifalið	2.390 ISK
Matarmikið kjúklingasalát með dressingu	2.490 ISK
Lambasveppabaggi með salati	2.490 ISK
Grænmetisbuff með salati og hvítlauks-og basilsósu (vegan)	2.100 ISK
Flatbaka með sveppum, tómötum og papriku (tortilla)	1.890 ISK
Allir barnaréttir á matseðli	990 ISK

### Eftirréttir

Sveppaís	1.190 ISK
Gulrótarís	1.190 ISK
Gulrótar/byggkaka	1.190 ISK




We serve what we grow



Opið er frá 12:00 til 17:00 á veturnar og 12:00 til 18:00 á sumrin.

Tökum á móti hópum allt að 95 manns á kvöldin með sér matseðli ef óskað er.

Borðapantanir á [booking@farmersbistro.is](mailto:booking@farmersbistro.is) og s. 519-0808

 [farmersbistro](https://www.facebook.com/farmersbistro), [farmersbistro.is](https://www.farmersbistro.is)





# Litla Melabúðin

## FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00  
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr  
heimabyggð.

Locally grown  
Locally owned

### *Beint frá býli*

Grænmeti, kryddjurtir, holdanautakjöt, eldis-silungur, heimagerðar sultur og flatkökur, Arna laktósafrjár mjólkurvörur og margt fleira.

Vegetables, herbs, Angus beef, brown trout, homemade jams and flatbreads, Arna lactose free dairy and variety of other products.

Melum, Flöðum

Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/



Þriðjudaginn 25. september fóru 9. og 10. bekkur Flúðaskóla á myndina „Lof mér að falla“ í Bíóhúsið á Selfossi. Hugmyndin að ferðinni kviknaði í framhaldi að þeirri miklu umræðu sem hefur verið í þjóðfélaginu um þessi málefni. Frá því í byrjun skólaárs höfum við verið með markvissa forvarnafræðslu í ungingadeildinni og fannst því upplagt að nýta þessa magnþrungnu mynd til að fá raunsæja mynd á þennan hræðilega heim sem alltof mörg ungmenni sogast inn í. Við viljum sérstaklega þakka Marinó Geir Lilliendahl fyrir frábærar móttökur. Hann gerði sér lítið fyrir og hélt sýningu fyrir okkur klukkan 9:40 að morgni, sem er ekki sjálfgefið. Eins viljum við þakka foreldrafélagi Flúðaskóla fyrir rausnarlegan styrk sem gerði þessa ferð mögulega.





**RAFMAGNSVERKSTÆÐI  
JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJABJÓNUSTU**

**SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA**

**SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.**



---

**JENS PÉTUR JÓHANSSON**  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

**RÓBERT EINAR JENSSON**  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS

# Frá Félagi eldri Hrunamanna

## Opið hús

Miðvikudaginn 17. október kl. 14:00 verður Opið hús í Félagsheimilinu.

Bubba og Magnús í Birtingaholti sjá um dagskrána.

Kaffisala á vegum Kvenfélagsins.

-----0000000-----

## Bókmenntaklúbbur

Fimmtudaginn 18. október kl. 11:00 verður fyrsti fundur bókmenntaklúbbsins í vetur í kjallara Heimalands. Þátttakendur segja frá bókum sem þeir hafa nýlega lesið. Leibeinandi er Edda Guðmundsdóttir.

Með kærri kveðju, stjórnin



Sími 899-2910



Október/nóvember 2018

[www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
18. okt	19. okt <b>Vetrarfrí</b>	20. okt <b>Vetrarfrí</b>
25. okt <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	26. okt <b>Flúðir</b> 18-21	27. okt <b>Reykholt</b> 18-21
1. nóv	2. nóv <b>Árnes</b> 18:00-20:30	3. nóv <b>Reykholt</b> 18-21
8. nóv <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	9. nóv <b>Flúðir</b> 18-21	10. nóv <b>Borg</b> 18:00-20:30

11. okt <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	12. okt <b>Flúðir</b> 18-21	13. okt <b>Borg</b> 18:00-20:30
---	-----------------------------------	---------------------------------------





Allskyns munir eru í óskilum hjá Jóhönnu á Hrafnkelsstöðum eftir fjallferð og réttir. Endilega hafið samband við Jóhönnu ef þið teljið ykkur vanta eitthvert göss.



## Karlasport

Mánudaginn 1.október hefst 10 vikna námskeið fyrir karla á öllum aldri. Karlasportið verður 2svar sinnum í viku í íþróttahúsinu á Flúðum. Námskeiðið verður byggt upp þannig að á mánudögum verður unnið með alhliða æfingar, teygju-, styrktar- og þrekæfingar. Á miðvikudögum verður meira verið í körfuboltaæfingum og spili. Rétt er að taka fram að þessar æfingar eru ekki að taka tíma af þeim old-boys æfingum sem eru í gangi nú þegar, salnum verður einfaldlega skipt í tvennt og áfram boðið upp á old-boys æfingarnar eins og verið hefur.

Kostnaður við karlasportið er 18.000 krónur.

Æfingatímar: Mánudagar 20:00-21:00 og miðvikudagar 20:30-21:30.

Margrét Guðmundsdóttir sér um þjálfunina á námskeiðinu og tekur hún við skráningum á netfangið

[margretg@fludaskoli.is](mailto:margretg@fludaskoli.is) ásamt því að



Höfum tekið í umboðssölu fóður frá Josera og deheus Verið velkomin til okkar Árni ehf Smiðjustíg 6



## Bridgeklúbburinn

Við byrjuðum þriðjudaginn 2 október og spilum framvegis á þriðjudögum kl 19:30.

Skráning er hjá mér á [stresskow@hotmail.com](mailto:stresskow@hotmail.com)

eða senda mér sms eða hringja í

8980370, vonast ég að sjá sem flesta, með kærri kveðju fyrir hönd bridgeklúbbs

Hrunamanna Stefán Sævaldsson



Download from  
Dreamstime.com  
© 2018  
© 2018  
© 2018



Undanfarið hefur verið unnið að endurbótum við Hrunalaug, en hleðslur voru víða mjög illa farnar.



# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



## PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.  
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.  
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning  
eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háhelví 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

## **NUDD - BOWEN - MASSAGE**

---

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

**- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -**

**Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -  
facebook.com/NG ehf**





# I-C-F Ô Ô D

## Restaurant

Heimilismatur

Icelandic traditional home cooking

Virka daga / Weekdays 10-13

Helgar / Weekends 11-14



Sneiðin Flúðir 662-4232

## Kvennasport

Fyrirhugað er að bjóða uppá 6 vikna námskeið í heilsurækt fyrir konur í Íþróttahúsinu á Flúðum ef þátttaka verður næg. Námskeiðið mun hefjast þann 6. nóvember og standa yfir fram að 13. desember.


Um 12 skipti er að ræða, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17, og hugsað bæði fyrir þær konur sem eru að stíga sín fyrstu skref í líkamsrækt og einnig fyrir lengra komna. Um allhiða æfingar er að ræða, oftast teknar á stöðvum. Hentar þeim konum sem vilja taka á, auka styrk, liðleika og bæta úthald.

Verð: 10.000

Stjórnandi: Anna Þórný Sigfúsdóttir

Tekið er við skráningum á netfangið

[anna.thorny@gmail.com](mailto:anna.thorny@gmail.com)



**Samkaup** strax

## ATVINNA

Starfsfólk óskast í framtíðarstarf hjá Samkaupum Strax, Flúðum.

Um er að ræða almenn verslunarstörf og í boði er 100 % starf.

Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árverkni í hvívetna.

Hægt er að skila inn umsókn á staðnum eða í gegnum netfang verslunar fyrir 15. nóvember 2018.

Upplýsingar veitir verslunarstjóri, Agnes Böðvarsdóttir.

# Dönsum á Selfossi



## Línudans

á mánudögum kl 19.45 - 21.30

Byrjendakennsla frá kl. 19.00 - 19.45

## Dansleikur

á þriðjudögum kl. 19.30 - 22.00

Danskennsla frá kl. 19.30 - 20.00 (dagskrá á Facebook)

í Hlíðskjálfi, félagsheimili hestamanna á Selfossi.

Allir eru velkomnir, ekki er nauðsynlegt að koma með dansfélaga.

Aðgangseyrir 500 kr.

# Steinsögun

Tek að mér steinsögun í uppsveitum Árnessýslu, get sagað allt að 27 cm.

Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158



Vinnustofan í kjallaranum í Heimalandi hefur tekið í notkun þennan forláta ruslavagn og var myndin tekinn við afhendinguna. Nú eru starfsmenn vinnustofunnar strax farnir út með gripinn og tína rusl af miklum móð

Borað eftir köldu vatni fyrir Kópsvatnsvirkjunina





# Frá Sauðfjárræktarfélagi Hrunamanna

## Hrútasýning!!

Undanfarin ár hefur Sauðfjárræktarfélagið haldið glæsilegar hrútasýningar og í ár verður engin breyting þar á. Laugardaginn 13. október tökum við undir okkur reiðhöllina og sauðfjárnætur sveitarinnar sýna samsveitungum og öðrum áhugasömum sitt fegursta fé. Keppt verður í fimm flokkum; Hvítir lambhrútar, mislitir lambhrútar, veturgamlir hrútar, **fallegasta gimbrin** og skrautlegasta gimbrin. Dómarar úr nærsveitum munu þukla hrútana og gimbrarnar en áhorfendur kjósa skrautlegustu gimbrina.

Rollubingóið góða verður svo á sínum stað.

Ef einhverntímann er tilefni til að dást að sauðkindinni er það einmitt núna!

Aðgangur er ókeypis, heitt á könnunni og mikið af fallegu fé!



*Við minnum á fjallmannakvöld sama dag kl. 20 í félagsheimilinu fyrir sauðfjárnætur og fjallmenn. Við óskum eftir skráningu á það fyrir 9.okt.*

Skráningar hrúta skulu berast til stjórnar fyrir 11.okt (hámark mega koma 6 gripir frá hverjum bæ og eru 1000 krónur rukkaðar á stykkið).

Árni Þór: 849-3870, arni@fludaskoli.is

Björgvin: 849-5037, bjorgvin@fludir.is

Steinunn: 865-7916, steinunn@gmail.com

Námskeið með nefndarfólki í Hrunamannahreppi





## Hrunaprestakall

Kæru sveitungar.

Ég vil vekja sérstaka athygli á tveimur messum framundan hjá okkur. Sunnudaginn 21. október kl. 11 verður fjölskylduguðsþjónusta í Stóra-Núpskirkju. Að venju verður líf og fjör, biblíusaga og mikill söngur. Um kvöldið sama dag, kl. 20:30, verður síðan kvöldmessa með létrri tónlist í Hrepphólakirkju. Þar mun kirkjukórinn flytja falleg dægurlög undir stjórn Stefáns Þorleifssonar organista. Í kvöldmessunum er hefðbundið messuform aðeins brotið upp og áhersla lögð á notalega umgjörð.

Af kirkjulegum málefnum úr héraði ber hæst að boðað hefur verið til auka héraðsfundar 30. október nk. til að ræða tillögur sem lúta að verulegri breytingu á prestakallaskipan í sýslunni og raunar á landinu öllu. Samkvæmt tillögunum er gert ráð fyrir að allur neðri hluti Árnassýslu (Árborg, Flóinn, Ölfus, Hveragerði) sameinist í eitt prestakall þar sem munu starfa saman einn sóknarprestur og fjórir prestar. Þá er gert ráð fyrir að Hrunaprestakall og Skálholtsprestakall sameinist í eitt prestakall með tveimur prestum, sóknarpresti og presti. Búast má við líflegum umræðum um tillögurnar en þær verða lagðar fyrir Kirkjuþing sem kemur saman í byrjun nóvember.

Að lokum minni ég á heimasíðu kirkjunnar, [hruni.is](http://hruni.is) og svo fésbókarslóðina [facebook.com/hrunaprestakall](https://facebook.com/hrunaprestakall).

*Óskar Hafsteinn Óskarsson*

*sóknarprestur*